


- Adrenalín – ef gefið þarf að leita strax til læknis
- Ofnæmislyf – athugið að ef ofnæmisviðbragð er alvarlegt (bráðaofnæmiskast: tekur til tveggja líffærakerfa og/ eða alvarleg öndunareinkenni) er ekki nóg að gefa andhistamín

Afnæming fyrir fæðu

Erlendis er farið sum staðar að afnæma einstaklinga með ofnæmi fyrir fæðu. Það er gert á sjúkrahöfnun undir eftirliti sérfræðinga sem þekkja til ofnæmisviðbragða og meðferðar á þeim. Með afnæmingu er ónæmissvarinu breytt með því að gefa fæðuna sem veldur ofnæmi þannig að fyrst er gefið örmagn af viðkomandi fæðu og síðan í vaxandi skömmtum á 20 mínútna fresti þar til ákveðnum skammti er náð, einnig kallað þolpróf. Einstaklingurinn tekur síðan það magn af fæðunni daglega í 1-2 vikur og kemur á sjúkrahúsið til að fá stærri skammt sem hann tekur síðan í viku. Þannig gengur þetta koll af kalli þar til ákveðnum viðhaldsskammti er náð. Flestir þurfa að halda áfram að taka fæðuna til að haldast „afnæmdir“ en til að finna út úr því hvort þeir hafi læknast þarf viðkomandi að hætta að borða fæðuna um tíma og undirgangast þolpróf á nýjan leik.

Afnæming fyrir jarðhnetuofnæmi er nú skráð meðferð í Bandaríkjunum þar sem hægt er að fá jarðhnetuskammtinn í töfluformi. Erlendis er einnig afnæmt fyrir öðrum fæðutegundum þótt það sé ekki skráð meðferð, t.d. fyrir mjólk, eggjum, hveiti, trjáhnetum og soja.



- Afnæming eykur þann skammt sem einstaklingurinn þolir og eykur þannig öryggi.
- Það koma fyrir aukaverkanir í upptröppun sem sumar geta verið hættulegar.
- Betri árangur hjá ungum, minnkar um 7%/mán í aldri við greiningu.
- Krefst daglegrar neyslu á ofnæmisvaka en glöppótt inntaka getur leitt til bráðaofnæmis.
- Ef meðferð hættir kemur ofnæmið aftur hjá mjög mörgum (>50%).

Mótefni gegn ofnæmi

Önnur meðferð fyrir fjölfæðuofnæmi sem var skráð í Bandaríkjunum árið 2024 er notkun mótefna gegn ofnæmismótefninu IgE (Omalizumab eða Xolair). Omalizumab er einstofna mótefni af IgG1-gerð sem er manngeirt með erfðatækni (recombinant DNA) og að hluta mennskt (humanized). Það binst sértækt fríu IgE í blóði og millivefsvökva og himnubundnu IgE á yfirborði B-fruma. Það minnkar tjáningu á viðtakanum fyrir IgE sem leiðir til minni ræsingar á mast frumum og lágmarkar losun boðefna og minnkar þannig ofnæmisviðbragðið. Omalizumab er skráð hér á landi til notkunar í erfiðum astma, langvinnri þínu (bráðaofnæmisútbrotum/urticaria) og langvinnnum kinnholusýkingum með sepum. Evrópska lyfjastofnunin, sem við fylgjum, hefur ekki ennþá gefið leyfi fyrir notkun vegna fæðuofnæmis.

Rannsóknir sem leiddu til skráningar sýndu að hjá einstaklingum með fæðuofnæmi fyrir jarðhnetum og a.m.k. tveimur öðrum fæðutegundum og fengu Omalizumab minnkaði líkur á ofnæmisviðbragði við slysaúsetningu og hækkaði marktækt það fæðumagn sem þoldist. Einnig var lyfið notað með afnæmingu sem gekk þá betur en athyglisvert var að þeir þoldu svipað og þeir sem fengu lyfið en voru ekki í afnæmingu.

Þótt Evrópska lyfjastofnunin sé ekki búin að samþykkja notkun á Omalizumab í fæðuofnæmi þá er þeirrar meðferðar getið í nýjustu ráðleggingum EAACI (European Academy of Allergy and Clinical Immunology) og má líklegt teljast að þessi meðferð berist hingað til lands.